

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 11. júní 2021.

Mál nr. 198/2020:

Arnþrúður Karlsdóttir

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

Reyni Traustasyni

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

Lykilorð

Ærumeiðingar. Tjáningarfrelsi.

Útdráttur

R höfðaði mál gegn A og krafðist ómerkingar þriggja nánar tilgreindra ummæla sem A hafði uppi sem annar tveggja þáttastjórnenda útvarpsþáttar og krafði hana auk þess um greiðslu miskabóta. Með hinum áfrýjaða dómi voru tvönn ummæli dæmd dauð og ómerk og miskabótakrafa tekin til greina. Í dómi Landsréttar var skírskotað til þess að samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 yrði tjáningarfrelsið takmarkað vegna réttinda eða mannorðs annarra. Þó væri ávallt skilyrði að þær skorður væru nauðsynlegar og samræmdust lýðræðishefðum. Tilgreind ummæli hefðu verið látin falla í tengslum við umræður þáttastjórnendanna um orðræðu fólks á netmiðlum og í athugasemdakerfum fjölmiðla. Slík málefni ættu erindi til almennings og væru hluti mikilvægrar þjóðfélagsumræðu. Því yrði að játa mönnum rúmu frelsi til tjáningar af þeim sökum. Jafnframt voru raktar meginreglur um greinarmun á staðhæfingu um staðreynd og gildisdóma. Þegar virt væri í hvaða samhengi tilgreind ummæli hefðu fallið var talið að A hefði verið að fella gildisdóm og lýsa skoðun sinni og eigin ályktunum um R og störf hans. R væri þjóðþekktur maður sem starfað hefði sem blaðamaður og ritstjóri í tæp 30 ár. Hann hefði verið áberandi í störfum sínum og hann og fjölmiðlar undir hans stjórn ekki veigrað sér við að fjalla með hvössum og gagnrýnum hætti um menn og málefni líðandi stundar. Samkvæmt framangreindu yrði ekki talið að ummælin hefðu verið tilefnislaus með öllu eða úr lausu lofti gripin. Að því virtu og að því gættu að rétturinn til að tjá ósanngjörn, móðgandi og stuðandi ummæli nyti einnig verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar yrði að líta svo á að A hefði með ummælum sínum ekki vegið svo að æru R að það hafi farið út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis sem lög og réttarframkvæmd hefðu mótað. A var því sýknuð af kröfum R.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen og Hildur Briem, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 2. apríl 2020 að fengnu áfrýjunarleyfi. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2020 í málinu nr. E-2430/2019.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Áfrýjandi er stofnandi og eigandi Útvarps Sögu og útvarpsstjóri stöðvarinnar til margra ára þar sem hún hefur jafnframt starfað við þáttastjórnun. Með hinum áfrýjaða dómi voru eftirtalin ummæli áfrýjanda, sem hún lét falla sem annar tveggja þáttastjórnenda í útvarpsþættinum Spjallið þar sem þjóðfélagsmál eru rædd og krufin, dæmd dauð og ómerk: „Sjáðu bara eins og [...] stjórnarformann Stundarinnar, Reyni Traustason. Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannlíf og fjölskylduhamingju á á samviskunni? Bæði frá því sem ritstjóri DV og ritstjóri Stundarinnar og þá stjórnarformaður Stundarinnar“ og „Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannlíf á á á samviskunni þar sem hann hefur lagt heilu fjölskyldurnar og fólk í rúst út af athugasemdakerfum sem hann lét með lygafréttum sem að eru framleiddar?“.
- 5 Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verður tjáningarfrelsið takmarkað vegna réttinda eða mannorðs annarra. Það er þó ávallt skilyrði að þær skorður séu nauðsynlegar og samræmist lýðræðishefðum. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi voru framangreind ummæli látin falla í tengslum við umræður þáttastjórnendanna um orðræðu fólks á netmiðlum og í athugasemdakerfum fjölmiðla. Sagði áfrýjandi meðal annars: „[...] en ég er að reyna að sjá þetta heildstætt að hvar þjóðin er stödd mitt í þessari orðræðu og hvernig í ósköpunum það má vera að það hafi verið látið viðgangast allt það sem sagt er og öll sú orðræða sem á sér stað inni á netmiðlum og í athugasemdakerfunum. Netmiðlarnir sem slíkir, DV, Vísir og Stundin hafa átt það sammerkt að þeir eru eins og sko, þeir bara taka fyrir fólk það sem þeim dettur í hug og síðan treysta þeir því að athugasemdakerfið sjái um að afgreiða líf fólks eftir það. Athugasemdakerfið sér um það. Það er ormagryfja.“ Framangreint málefni á erindi til almennings og er hluti mikilvægrar þjóðfélagsumræðu. Verður mönnum því játað rúmu frelsi til tjáningar af þeim sökum.
- 6 Þegar virt er í hvaða samhengi ummælin, sem stefndi krefst að verði ómerkt, féllu verður talið að áfrýjandi hafi verið að fella gildisdóm og lýsa skoðun sinni og eigin ályktunum um stefnda og störf hans. Almennt njóta menn rýmra tjáningarfrelsis þegar gildisdómar eru felldir en þegar staðhæfingar eru hafðar uppi um staðreyndir. Það birtist meðal annars í því að mönnum verður almennt ekki gert að sanna gildisdóma eða refsað fyrir þá takist ekki slík sönnun, öfugt við það sem gildir um staðhæfingar um staðreyndir. Þá eru gildisdómar fremur skilgreindir rúmt þegar viðfangsefnið er

liður í almennri þjóðfélagsumræðu, svo sem hér háttar til. Jafnframt hefur þýðingu að hverjum ummælin beinast og hvaða stöðu viðkomandi hefur sem ber þau fram. Þá ber að gæta að því að þótt ekki sé gerð krafa um að þeim sem fellir gildisdóm beri að sanna ummæli sín verður gildisdómurinn engu að síður að eiga sér einhvern grundvöll í staðreyndum. Enn fremur gildir að jafnvel þótt gildisdómar eigi sér einhverja stoð í staðreyndum kunna þeir að ganga of langt og vera of meiðandi og rúmast þeir þá ekki innan tjáningarfrelsis 73. gr. stjórnarskrárinnar.

- 7 Stefndi er þjóðþekktur maður sem starfað hefur sem blaðamaður og ritstjóri í tæp 30 ár. Hann hefur verið áberandi í störfum sínum og hafa hann og fjölmiðlar undir hans stjórn ekki veigrað sér við að fjalla með hvössum og gagnrýnum hætti um menn og málefni líðandi stundar. Fyrir liggur að stefnda hefur ítrekað verið stefnt fyrir ærumeiðingar og var stefndi með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 2013 í máli nr. E-220/2013 dæmdur til greiðslu miskabóta fyrir ærumeiðandi aðdróttanir.
- 8 Samkvæmt framansögðu verður ekki talið að ummælin hafi verið tilefnislaus með öllu eða úr lausu lofti gripin. Að þessu virtu og að því gættu að rétturinn til að tjá ósanngjörn, móðgandi og stuðandi ummæli nýtur einnig verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar verður að líta svo á að áfrýjandi hafi með ummælum sínum ekki vegið svo að æru stefnda að það hafi farið út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis sem lög og réttarframkvæmd hafa mótað. Verður áfrýjandi því sýknuð af kröfum stefnda.
- 9 Með hliðsjón af því að efni ummæla áfrýjanda eru til þess fallin að vekja efasemdir um það hvort með þeim hafi verið farið út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis, sem áfrýjandi nýtur samkvæmt framansögðu, þykir rétt með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að hvor aðili verði látinn bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Arnþrúður Karlsdóttir, er sýkn af kröfum stefnda, Reynis Traustasonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Landsrétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2020

I.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu birtri 21. maí 2019, var dómtekið 23. janúar 2020. Stefnandi er Reynir Traustason, [...], Reykjanesbæ, en stefnda er Arnþrúður Karlsdóttir, [...], Reykjavík. SöguNet - Útvarpi Sögu ehf., Þverholti 14, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk:

1. „Sjáðu bara eins og [...] stjórnarformann Stundarinnar, Reyni Traustason. Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannslíf og fjölskylduhamingju á á samviskunn? Bæði frá því sem ritstjóri DV og ritstjóri Stundarinnar og þá stjórnarformaður Stundarinnar.“

2. „Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannlíf á á á samviskunnri þar sem hann hefur lagt heilu fjölskyldurnar og fólk í rúst út af athugasemdakerfum sem hann lét með lygafréttum sem að eru framleiddar?“

3. „Hvað heldurðu séu margir, sem eru búnir að gráta úr sér augun yfir lygunum í þeim?“

Stefnandi gerir einnig þá kröfu að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur eða lægri fjárhæð að mati dómsins, með vöxtum samkvæmt 1. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 5. desember 2018 til 12. janúar 2019 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig er þess krafist að forsendur og niðurstaða dóms í málinu verði birt á vefsíðu stefnda, www.utvarpsaga.is, eigi síðar en 14 dögum eftir dómsuppsögu, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 50.000 krónur fyrir hvern dag sem líður án þess að birtingin fari fram. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar.

Ekki er sótt þing af hálfu réttargæslustefnda.

II.

Stefnandi er fyrrverandi blaðamaður og starfaði í tæp 30 ár við blaðamennsku. Á þeim tíma stjórnaði hann og rak nokkra fjölmiðla. Í dag starfar hann við fararstjórn og ritstjórn. Hann er eigandi að 14% hlut í fjölmiðlinum Stundinni, en gegnir þar ekki neinni formlegri stöðu.

Stefnda, Arnþrúður Karlsdóttir, er stofnandi og eigandi Útvarps Sögu og hefur verið útvarpsstjóri stöðvarinnar sl. 16 ár. Hún hefur lokið námi frá Blaðamannaskólanum í Osló, og auk þess hefur hún lokið prófi í réttarheimspeki og meistaraþrófi í viðskiptalögfræði.

Í útvarpsþætti hinn 5. desember 2018 á Útvarpi Sögu 99,4 voru höfð uppi þau ummæli sem krafist er ómerkingar á. Voru ummælin höfð uppi undir dagskrárliðnum „Spjallið“. Í þættinum eru þjóðfélagsmál rædd og farið yfir málefni líðandi stundar o.fl. Í þættinum þennan dag sátu stefnda og annar starfsmaður útvarpsstöðvarinnar að spjalli þar sem þau ræddu m.a. um svokallað Klaustursmál, orðræðuna í samfélaginu í því sambandi og um einstaka þingmenn og samskipti þeirra á milli þegar kemur að stöðuveitingum. Einnig ræddu þau í þættinum um siðrof í þjóðfélaginu eftir bankahrunið og orðræðu fólks á netmiðlum og í athugasemdakerfum. Síðan segir svo í þættinum: „Netmiðlarnir sem slíkir, DV, Vísir og Stundin hafa átt það sammerkt að þeir eru eins og sko, þeir bara taka fyrir fólk það sem þeim dettur í hug og síðan treysta þeir því að athugasemdakerfið sjái um að afgreiða líf fólks eftir það. Athugasemdakerfið sér um það. Það er ormagryfja. ...“. Í framhaldinu hefur stefnda uppi ummæli þau sem krafist er ómerkingar á. Síðan halda stefnda og starfsmaðurinn áfram að tala um orðræðuna sem höfð er uppi á samfélagsmiðlunum og hvernig farið er með tjáningarfrelsið.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dóminum.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefnda, Arnþrúður Karlsdóttir, beri persónulega ábyrgð á ummælunum sem hún viðhafði í útvarpsþætti hinn 5. desember 2018, sbr. a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2001 um fjölmiðla og að réttargæslustefndi, SagaNet - Útvarp Saga ehf., beri ábyrgð á greiðslu fésekta og skaðabóta sem starfsmanni réttargæslustefnda kunnir að verða gert að greiða, sbr. 2. mgr. 50. gr. sömu laga, svo og birtingu dóms, sbr. 59. gr. laganna.

Stefnandi byggir á því að ummæli stefndu, Arnþrúðar, um stefnanda í útvarpsþættinum hafi verið röng, særandi og ósmekklegr. Þau hafi verið til þess fallin að valda stefnanda álitshnekki og telur stefnandi að með þeim hafi gróflega verið vegið að æru hans, starfsheiðri og flekklausum ferli sem blaðamanns og ritstjóra í áratugi. Byggir stefnandi á því að stefnda, Arnþrúður, hafi gerst brotleg gegn 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og að ummælin hafi falið í sér ásakanir í garð stefnanda um ólögsmæta og siðferðilega ámælisverða háttsemi. Þá telur stefnandi að með ummælunum hafi stefnda einnig gerst brotleg gegn 236. gr. laga nr. 19/1940 og að stefnda hafi viðhaft ummælin um stefnanda gegn betri vitund.

Stefnandi byggir á því að ummælin *Sjáðu bara eins og [...] stjórnarformann Stundarinnar, Reyni Traustason. Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannlíf og fjölskylduhamingju á á samviskunnni? Bæði frá því sem ritstjóri DV og ritstjóri Stundarinnar og þá stjórnarformaður Stundarinnar*, feli í sér beina og ósanna ásökun um háttsemi sem varði við almenn hegningarlög. Með ummælunum hafi stefnda beinlínis fullyrt að stefnandi hafi í starfi sínu sem ritstjóri fjölmiðla átt beinan þátt í því að einstaklingar hafi tekið annaðhvort sitt eigið líf eða annarra. Er með ummælunum látið að því liggja að þetta hafi stefnandi gert vísvitandi. Varði slík háttsemi mögulega við hlutdeild í broti gegn 211. og/eða 214. gr. laga nr. 19/1940. Þá varði ummælin við 235. gr. laga nr. 19/1940 sem ærumeiðandi aðdróttun. Stefnda hafi ekki rökstutt fullyrðingu sína að neinu leyti, heldur hafi hún sett hana fram án nokkurs fyrirvara, eins og um alkunna staðreynd væri að ræða. Ummælin séu hins vegar röng og sérstaklega ósmekklegr og þau beri að dæma dauð og ómerk.

Stefnandi byggir á sömu málsástæðum og áður greinir varðandi ummælin *Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannlíf á á samviskunnni þar sem hann hefur lagt heilu fjölskyldurnar og fólk í rúst út af athugasemdakerfum sem hann lét með lygafréttum sem að eru framleiddar?* Stefnda hafi hins vegar bætt í með þessum ummælum með því að saka stefnanda um að hafa vísvitandi skrifað eða látið aðra blaðamenn skrifa ósannindi í formi fréttar í fjölmiðla sem hann hafi ritstýrt, sem hafi m.a. haft þær afleiðingar að fólk hafi tekið sitt eigið líf eða annarra, og hann hafi vísvitandi með slíkum skrifum lagt fólk og fjölskyldur í rúst. Vart þurfi frá því að segja að ummælin séu röng og meiðandi og þau beri að ómerkja, en þau varði við 235. gr. laga nr. 19/1940 sem ærumeiðandi aðdróttun. Setninguna *sem hann lét með lygafréttum sem að eru framleiddar* sé ekki hægt að skilja öðruvísi en fullyrðingu um að stefnandi hafi látið skrifa ósannar fréttir í fjölmiðla og í samhengi við textana hafi það verið gert í þeim tilgangi að eyðileggja líf fólks. Ummælin séu röng og feli í sér ásökun um bæði ólöglega og siðferðilega óverjandi háttsemi. Sé því mikilvægt að þau verði dæmd dauð og ómerk.

Um þriðju ummælin, *Hvað heldurðu séu margir, sem eru búnir að gráta úr sér augun yfir lygunum í þeim?* vísar stefnandi til fyrri málsástæðna og lagaraka. Ummælin séu röng, ósamleg og meiðandi fyrir stefnanda og beri að dæma þau dauð og ómerk, enda varði þau við 235. gr. laga nr. 19/1940.

Stefnandi vísar til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 varðandi ómerkingu ummælanna.

Miskabótakröfu styður stefnandi við b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og 50. gr. laga um fjölmiðla. Kröfu um birtingu dóms styður stefnandi við 59. gr. laga um fjölmiðla.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefnda, Arnþrúður, byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi í mörgum málum ekki hikað við að taka persónulega hagsmuni sína fram yfir skyldur sínar sem blaðamaður og ritstjóri og hafi í ýmsum málum fórnað sannleikanum og hollustunni við lesendur til að bjarga eigin skinni. Nefnir stefnda í því sambandi frétt um Landsbankann og fleiri mál frá liðnum árum.

Stefnda byggir á því að ummælin sem krafist er ómerkingar á njóti verndar tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrár, sbr. 73. gr. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefnda byggir á því að 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar eigi ekki við, enda beri að túlka ákvæðið þröngt. Ummælin brjóti því ekki á neinn hátt gegn stefnanda.

Stefnda byggir á því að ummælin og það samhengi sem þau voru sett fram í, þ.e. almenn umræða um vinnubrögð fjölmiðla og réttarríkið, feli í sér umræðu um ríka almannahagsmuni og þjóðfélagsleg málefni og njóti þ.a.l. sérstakrar verndar, eins og dómaframkvæmd beri með sér. Ummælin eigi fullt erindi til almennings og óheimilt sé að takmarka slíka tjáningu.

Stefnda telur að í ummælunum felist ekki bein staðhæfing þess efnis að stefnandi hafi gerst sekur um brot gegn 211. gr. eða 214. gr. almennra hegningarlaga eða gerst sekur um hlutdeild í slíku broti, eins og haldið sé fram í stefnu. Þvert á móti þá sé það stefndu að benda á og leggja áherslu á að vinnubrögð eins og stefnandi hafi ástundað geti haft og hafi haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem fyrir þeim verða og fjölskyldur þeirra. Þá hafi ummælin verið sett fram í spurnarformi og því sé ekki um fullyrðingar að ræða sem enginn fyrirvari hafi verið gerður við. Stefnda hafi því slegið nægilega varnagla við orð sín. Stefnda hafi verið að hvetja til umræðu um mikilvæg þjóðfélagsmálefni. Telji stefnda að frjáls og

gagnrýnin umræða um málefni fjölmiðla og vinnubrögð sé sérstaklega nauðsynleg í litlum samfélögum eins og á Íslandi.

Stefnda telur rýmkað tjáningarfrelsi gilda um stefnanda. Bæði sé það sökum þess að stefnandi er opinber persóna og vegna þess hvernig stefnandi hafi gengið fram gagnvart öðrum í ræðu og riti í áraraddir. Við mat á ummælunum sem stefnt sé út af beri þess vegna að hafa hliðsjón af tjáningu stefnanda sjálfs og ábyrgð hans á ósvífnu athugasemdakerfi sem tengt hafi verið við greinar og skrif sem hafi birst í fjölmiðlum sem hann hefur ritstýrt og borið ábyrgð á.

Stefnda telur að ummælin sem höfð voru uppi séu gildisdómar en ekki staðhæfingar um staðreyndir. Því beri ekki að horfa á bókstaflega merkingu ummællanna.

Stefnda hafnar miskabótakröfu og telur að skilyrði 26. gr. skaðabótalaga séu ekki uppfyllt. Stefnandi hafi sjálfur skapað sér sitt eigið orðspor enda hafi hann í áratugi viðhaft ákveðinn talsmáta um menn og málefni og hegðun sem almennt verði að telja síðuðu fólki lítt sæmandi. Enginn frekari skaði hafi því orðið á mannorði stefnanda umfram það sem stefnandi beri sjálfur ábyrgð á.

Þá er birtingarkröfu mótmælt. Ummælin hafi verið höfð uppi í útvarpsþætti, en ekki á prenti, auk þess sem dreifing ummællanna var takmörkuð, en þátturinn sem ummælin voru viðhöfð í hafi ekki verið endurfluttur í samantekt vikunnar.

IV.

Ummæli þau sem stefnt er út af viðhafði stefnda, Arnþrúður, í útvarpsþætti hinn 5. desember 2018 í Útvarpi Sögu.

Stefnandi telur að ummælin sem stefnda hafði uppi um hann í útvarpsþættinum hafi verið röng, særandi og ósmekklek og að þau hafi verið til þess fallin að valda honum álitshnekki. Telur stefnandi að með þeim hafi stefnda vegið gróflega að æru sinni og starfsheiðri. Hafi stefnda með ummælum sínum brotið gegn 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Víkur fyrst að eftirfarandi ummælum stefndu:

Sjáðu bara eins og [...] stjórnarformann Stundarinnar, Reyni Traustason. Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannslíf og fjölskylduhamingju á á samviskuni? Bæði frá því sem ritstjóri DV og ritstjóri Stundarinnar og þá stjórnarformaður Stundarinnar.

Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannslíf á á á samviskuni þar sem hann hefur lagt heilu fjölskyldurnar og fólk í rúst út af athugasemdakerfum sem hann lét með lygafréttum sem að eru framleiddar?

Með þessum orðum er gefið til kynna að stefnandi hafi á þeim tíma sem hann var ritstjóri DV og Stundarinnar útbúið lygafréttir sem síðan hafi haft áhrif á umræðu manna á netmiðlum. Það hafi síðan leitt til þess að fólk svipti sig lífi og með því hafi hann gert út af við margar fjölskyldur.

Með greindum ummælum er stefnanda borin á brún sérlega ámælisverð háttsemi, þ.e. að hann hafi framleitt lygafréttir um fólk og orðið þannig þess valdandi að fólk hafi tekið eigið líf. Hefur stefnda engum stóðum skotið undir það að þessar fullyrðingar hennar séu réttar, og ber stefnda því reyndar ekki við að ummæli þessi séu sönn eða eigi við rök að styðjast eða að stefnda hafi verið í góðri trú, en í greinargerð segir m.a. að með ummælunum hafi stefnda lýst skoðun sinni á stefnanda og þeim vinnubrögðum sem hafi verið viðhöfð í fjölmiðlum sem hann hafi átt og ritstýrt, svo sem Stundinni og DV.

Fallist er á það með stefnanda að þessi röngu ummæli hafi verið til þess fallin að valda stefnanda álitshnekki. Eiga menn ekki að þurfa að þola það að vera opinberlega bornir sökum um alvarlega ámælisverða háttsemi án þess að nokkuð búi þar að baki. Telur dómurinn að í orðum þessum felist ærumeiðandi aðdróttanir í garð stefnanda sem fela einnig í sér brot gegn 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til framangreinds er fallist á kröfu stefnanda um ómerkingu þessara ummæla í heild sinni, sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Dómurinn hafnar þeim málsástæðum stefndu að ummælin njóti verndar ákvæða 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, eða að þau og það samhengi sem þau voru sett

fram í feli í sér umræðu um ríka almannahagsmuni eða þjóðfélagsleg málefni og njóti samkvæmt því verndar. Þannig verður ekki talið að þau eigi erindi til almennings.

Þá verður ekki séð hvaða réttlætunlegt sambengi er með ummælunum og umfjöllun þeirri sem fór fram í þættinum umræddan dag. Verður ekki fallist á það með stefndu að um gildisdóm sé að ræða, eins og ummælin eru sett fram, eða að „rýmkað tjáningarfrelsi“ eigi við um stefnanda vegna þess að hann sé opinber persóna sem hafi gengið hart fram gagnvart öðrum um áraaðir.

Víkur þá að ummælunum *Hvað heldurðu séu margir, sem eru búnir að gráta úr sér augun yfir lygunum í þeim?* Í þessum orðum felst fremur gildisdómur um viðbrögð fólks við hvassri umfjöllun og umfjöllun um persónuleg mál í greindum fjölmiðlum sem stefnandi starfaði við. Verður því ekki fallist á það með stefnanda að orðin feli í sér ærumeiðandi aðdróttun fyrir stefnanda. Er því hafnað ómerkingu ummælanna.

Stefnandi krefst greiðslu miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk nánar tilgreindra vaxta og dráttarvaxta. Kröfuna byggir hann á b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í hinum ómerktu ummælum stefndu fólst ólögmat meingerð gegn æru og persónu stefnanda. Stefnda ber ábyrgð á því ófjárhagslega tjóni stefnandans sem af ummælunum leiddi samkvæmt greindu lagaákvæði. Þykja miskabætur stefnanda til handa, að virtum atvikum málsins, hæfilega ákveðnar 300.000 krónur með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

Kröfu um birtingu dóms er ekki beint að stefndu, Arnþrúði.

Eins og kemur fram í stefnu er SagaNet - Útvarpi Sögu ehf. stefnt til réttargæslu. Af hálfu þess aðila hefur ekki verið sótt þing. Í V. kafla stefnunnar, um málsástæður og lagarök, er gerð krafa á hendur réttargæslustefnda um greiðslu miskabóta in solidum (sameiginlega) með stefndu, Arnþrúði. Í dómkröfum stefnunnar er þess einnig krafist að forsendur og niðurstaða dóms verði birt á vefsíðu stefnda www.utvarpsaga.is. Kemur fram í V. kafla stefnunnar að birtingin sé á ábyrgð réttargæslustefnda, sbr. 59. gr. laga nr. 38/2011. Þá er í dómkröfum stefnanda þess krafist að „stefndu verði dæmd, hvort um sig“ til að greiða stefnanda málskostnað. Þessi kröfugerð á hendur réttargæslustefnda fær ekki samrýmst ákvæðum 21. gr. laga nr. 91/1991 um réttargæsluáðild og ber því að vísa greindum kröfum á hendur réttargæslustefnda frá dómi.

Samkvæmt framansögðu er fallist á dómkröfu stefnanda, eins og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber stefndu, Arnþrúði Karlsdóttur, að greiða stefnanda, Reyni Traustasyni, 1.100.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Eftirtalin ummæli skulu vera dauð og ómerk: „Sjáðu bara eins og [...] stjórnarformann Stundarinnar, Reyni Traustason. Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannlíf og fjölskylduhamingju á á samviskunni? Bæði frá því sem ritstjóri DV og ritstjóri Stundarinnar og þá stjórnarformaður Stundarinnar“ og „Hvað heldurðu að hann hafi mörg mannlíf á á samviskunni þar sem hann hefur lagt heilu fjölskyldurnar og fólk í rúst út af athugasemdakerfum sem hann lét með lygafréttum sem að eru framleiddar?“

Stefnda, Arnþrúður Karlsdóttir, er sýkn af kröfu stefnanda um ómerkingu ummælanna: „Hvað heldurðu séu margir, sem eru búnir að gráta úr sér augun yfir lygunum í þeim?“

Öllum kröfum stefnanda á hendur réttargæslustefnda, SöguNet-Útvarpi Sögu ehf. er vísað frá dómi.

Stefndu, Arnþrúði Karlsdóttur, ber að greiða stefnanda 300.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 5. desember 2018 til 12. janúar 2019 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu, Arnþrúði Karlsdóttur, ber að greiða stefnanda 1.100.000 krónur í málskostnað.